



Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi

Grunnskólinn í Stykkishólmi er í samstarfi við Leikskólann í Stykkishólmi. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla

Upphaf skólagöngu

Á lokaári leikskólans koma nemendur í grunnskólann þrisvar sinnum í heimsókn. Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann. Síðar eru tvær skiptiheimsóknir. Þá koma leikskólanemendur í litlum hópum inn í 1. bekk og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara í frímínútur. Á sama tíð fer hópur út 1. bekk í heimsókn á leikskólann. Í maí er öllum tilvonandi 1. bekkingum boðið uppá þriggja daga vorskóla. Nemendur mæta þá í skólann eftir hádeigið og fá þá að kynna greinum skólastarfsins, hitta tilvonandi kennara sína og vinna að ýmsum spennandi verkefnum.

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms

Samstarf við Tónlistaskóla Stykkishólms á sér langa sögu. Skólarnir deildu lengi sama húsnæði og samstarf kennara skólanna hefur oft verið náð. Það hefur verið grunnskólanum mikill fengur að geta leitað til tónlistakennara við ýmir tækifæri.

Fullt hljóðfæra- eða söngnám við tónlistarskólann hafa nemendur í 8. – 10. bekk geta nýtt sem valgrein við grunnskólann og auk þess hafa nemendur átt kost á að sækja tónlistarnám á kssátíma grunnskólans en þá með samþykki foreldra.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn og einstaka bekkir eiga samskipti af ýmsum toga við aðra skóla, innanlands og utan. Skólinn vill stuðla að slíkum samskiptum sem oftast eru bundin áhuga einstakra bekkja og kennara.

Nokkrir bekkir skólans eiga sér t.d. vinabekki í Kolding í Danmörku. Það er ekki stefna skólans að samskipti sem stofnað er til með þessum hætti feli sjálfkrafa í sér ferðalög og gagnkvæmar heimsóknir. Ákvarðanir um slíkt verður að taka sameiginlega af nemendum, foreldrum og skólanum og hafa að leiðarljósihvernig það fellur að skólastarfinu og möguleikum foreldrum og nemenda og skólans atil að fjármagna ferðirnar.

Skólinn hefur tekið þátt í Comeniusar-verkefninu með skólum frá Finnlandi, Póllandi, Spáni og Ítalíu. Það verkefni náði yfir nokkur skólaár með þátttöku nemenda og kennara.

Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi

Samstarfs grunnskóla á norðanverðu Snæfellsnesi á sér langa sögu og hefur færst í fastari skorður með stofnun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Skólastjórar funa nokkrum sinnum á vetri og hafa með sér samráð um ýmislegt í skólastarfinu, m.a. skóladagatal og símenntun starfsfólks. Þá hafa nemendur skólanna með sér samráð um fálagsstarf og önnur samskipti.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Stjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi funda reglulega með stjórnendum Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Unnir voru verkferlar sem innihalda meðal annars skipulag á komum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólana á svæðinu, kynningar á Fjölbrautaskóla Snæfellinga í grunnskólunum, möguleika grunnskólanemenda að taka framhaldsskólaáfangi og almennt hvernig innritunarferlið á sér stað. Hérna er krækja inn á verkferlana: <https://grunnskoli.stykkisholmur.is/library/Skrar/yomislegt/%c3%9ar%20grunn-%20%c3%ad%20framhaldssk%c3%b3la%20%c3%a1%20Sn%c3%a6fellsnesi.pdf>